

Nd.

566. Nefndarálit

[130. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 74 28. maí 1969, um breyt. á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

• Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, leitað hefur verið umsagnar Fiskifélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna og Alþýðusambands Íslands.

Faglegar upplýsingar bárust frá Fiskifélaginu, en Sjómannasambandið mælir með samþykkt frv. með vissum skilyrðum, en meiri hluti stjórnar L. Í. Ú. mælir gegn frumvarpinu. Umsögn A. S. Í. hefur ekki borizt.

Að athuguðu máli mælir nefndin einróma með samþykkt frumvarpsins með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Síðari hluti 1. gr. frv. á eftir orðunum „skemmri tíma en“ orðist svo: fimu mánuði á ári og eigendur þessara báta tryggja áhafnir sínar sömu slysatryggingum svo og líf- og örorkutryggingum sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna.

Alþingi, 13. apríl 1970.

Birgir Finnsson,
form.

Pétur Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson,
fundaskr., frsm.

Jón Skaftason.

Líúðvík Jósefsson.

Björn Pálsson.

Guðl. Gíslason.